

## AUGLÝSING

### um niðurfellingu svæðisskipulags sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992-2012.

Samkvæmt 5. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. október 2005 staðfest niðurfellingu svæðisskipulags sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 frá 26. apríl 1994.

Svæðisskipulag sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 er í heild sinni fellt úr gildi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki samvinnunefndar um svæðisskipulag sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 21. október 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*